


Námskrá

virðing- gleði- heilbrigði



2025



Efnisyfirlit

LEIKSKÓLINN FÍFUBORG	4
HUGMYNDAFRÆÐILEGAR ÁHERSLUR	5
Uppeldisfræðileg stefna Fífuborgar	5
Mikilvægi leiksins í námi barna	5
Leikumhverfi og efniviður leikskólans.....	6
Aðalnámskrá leikskóla.....	6
Menntastefna Reykjavíkur	6
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....	6
Heillaspor	7
Einkunnarorð Fífuborgar	8
.....	10
STARFSHÆTTIR OG LEIÐIR.....	11
Stjórnun og hlutverk kennara	11
Val	12
Hópastarf.....	12
Gönguferðardagar.....	14
GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR	14
Námssviðin og sex grunnpættir menntunar	15
Læsi og samskipti	16
Læsi	16
Samskipti	17
Heilbrigði og vellíðan.....	19
Heilbrigði	19
Vellíðan	20
Sjálfbærni og vísindi	21
Sjálfbærni	21
.....	22
Vísindi.....	23
Sköpun og menning	24
Sköpun	24
Menning	25
SAMSTARF OG SAMSKIPTI	26
Samtarf leikskóla og heimilis.....	27
Foreldrafélag	28
Foreldraráð.....	28

STUÐNINGUR Í LEIKSKÓLANUM.....	28
Sérkennsla og skipulag sérfræðiþjónustu	28
Mat á leik, námi og velferð barna	29
Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	29
TENGL SKÓLASTIGA	30
SAMSTARFSADILAR	30
MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	31
Innra mat.....	31
Endurmatshringur Fífuborgar	32
Langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2025 - 2028.....	33
Ytra mat.....	34

LEIKSKÓLINN FÍFUBORG

Leikskólinn Fífuborg stendur við Fífurima 13 í Reykjavík. Hann tók formlega til starfa 18. janúar 1993. Í upphafi var skólinn þriggja deilda en árið 1997 var byggt við skólann og eru nú fjórar deildir starfandi innan hans. Þær heita: **Ljósheimar, Álfheimar, Dvergheimar og Hulduheimar.** Í leikskólanum dvelja 68 börn samtímis.

Leikskólinn er staðsettur í Rimahverfi, Grafarvogi. Í næsta nágrenni skólans er grenndarsvæði hans, Hallsholt. Þar er öðruvísi gróður en á leikskólalóðinni og mikið af stórum steinum. Holtið er vinsæll áfangastaður í gönguferðum barnanna og nýtt í útíkenndu og leik. Börnin fylgjast með árstíðarbreytingum í holtinu og eru dugleg að týna rusl sem fellur til þar. Margar hefðir eru inngrónar í menningu leikskólans eins og t.d. þorablót á bóndadaginn, þjóðhátíðarfræðsla og sumarhátíð í júní o.fl. Foreldraskemmtanir eru fyrir jólin og opið hús á hverri deild að vori. (sjá nánar í kafla um menningu á bls. 26).

Rekstur og stjórnun leikskólans Fífuborgar fellur undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og þá stefnu sem þar er mótuð. Leiðarljós í þeirri stefnu er að börnum og ungmönnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Leikskólinn sækir einnig þjónustu til Austurmiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness.

Fífuborg starfar samkvæmt lögum nr.90/2008 um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2023. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem lögð er áhersla á sérkenni, menningu og starfshætti viðkomandi skóla.

Námskrá Fífuborgar er ætlað að auðvelda starfsfólki að ná markmiðum leikskólans og einnig að veita foreldrum og öðrum sem áhuga hafa á uppeldisstarfinu, innsýn í það starf sem unnið er með börnunum í leikskólanum. Námskráin er tæki sem leikskólakennarinn nýtir sér við áætlanagerð, skipulagningu verkefna og í mati á vinnu sinni með börnunum. Skólanámskrá er unnin af öllu starfsfólkinu í sameiningu og einnig voru foreldrar boðaðir á fund þar sem þeir gátu sett fram hugmyndir sínar um námssviðin. Hugmyndirnar voru ræddar og nýttar í áframhaldandi vinnu og þróun hjá starfsmönnum. Við hlustum eftir röddum barnanna í árlegu endurmati leikskólans og teljum að þær komi þannig að mótun námsskrárinnar sem er sífellt í þróun og endurskoðun.

Námskrá Fífuborgar er öllum aðgengileg á [heimasvæði leikskólans](#).

„Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, menntun og umönnun eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.“

Aðalnámsskrá leikskóla 2023

HUGMYNDAFRÆÐILEGAR ÁHERSLUR

Uppeldisfræðileg stefna Fífuborgar

Í leikskólanum er stuðst við kenningar fræðimannanna John Dewey, Caroline Pratt og Lev Vygotsky. John Dewey var bandarískur heimspekingur og menntafrömuður sem lagði ríka áherslu á lýðræði í skólastarfi. Einkunnarorð hans eru „nám í verki“ (e. *learning by doing*). Meginmarkmið framfarastefnu hans eru að kenna börnum gagnrýna og skapandi hugsun í leik, í stað þess að binda hugann við fyrir fram ákveðnar lausnir. Hann taldi nám snúast fyrst og fremst um virkni barnsins og sköpun í leiknum.

Opinn efniviður kallar á virkni barnsins og sköpun. Með opnum efnivið er átt við leikefni sem hefur marga möguleika og hægt er að nota á fleiri en einn, s.s. kubbar, leir o.fl. Caroline Pratt, uppeldis- og menntafrömuður byggði hugmyndafræði sína á framfarastefnu John Dewey. Hún er hönnuður einingakubbanna sem eru mikið notaðir í leikskólanum og eru þeir skýrt dæmi um hvernig börn geta nýtt sér opinn efnivið til þess að skapa. Bæði Dewey og Pratt töldu að börn öðluðust raunhæfa menntun í gegnum eigin reynslu og að áhugi barnsins á viðfangsefninu væri forsenda til náms.

Hugmyndir og kenningar Lev Vygotsky sem byggja á virkni barnsins og að það noti eigin reynsluheim til að auka þekkingu sína falla vel að hugmyndafræði Dewey og Pratt. Vygotsky lagði mikla áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi, s.s. í leik. Hann er hvað þekktastur fyrir kenningu sína um „svæði mögulegs þroska“ (e. *Zone of proximal development*). Vygotsky taldi að í leik sýndu börn getu sína, auk getu sem þau sýndu ekki í raunveruleikanum. Hann taldi að barn þroskist mest í samskiptum við þá sem vita meira, s.s. fullorðna eða þroskaðri félaga.

Hugmyndafræði þessara þriggja fræðimanna á það sameiginlegt að líta á barnið sem skapandi, virkan og hugsandi einstakling sem lærir af eigin reynslu, virkni og áhuga. Litið er svo á að áhugi barnsins á viðfangsefninu sé forsenda þess að það nýtist því til náms. Lögð er áhersla á að samskipti barns og fullorðins séu gagnkvæm. Þótt hinn fullorðni sé leiðandi í starfseminni er besta skólaumhverfið það sem gefur barninu tækifæri til að velja sjálft og ákveða. Í því felst, að ef það sem barnið gerir er ákveðið af fullorðnum mun það ekki fá næg tækifæri til að móta hegðun sína og sjálfstæði.

Mikilvægi leiksins í námi barna

Leikurinn er kennslutæki okkar í leikskólanum og á honum grundvallast allt starf skólans, en óhætt er að segja að hann eigi mesta rýmið í dagskipulagi hans. Lagt er út frá því að börn læri best í gegnum leik og því skapaðar aðstæður þar sem barnið fær notið sín í leik og hafi greiðan aðgang að fjölbreyttum og opnum efnivið bæði innan sem utandyra. Leikurinn skiptir börn meginmáli á leikskólaárunum og það að eiga samskipti við önnur börn. Hann styrkir þau félagslega, eykur samvinnu þeirra á milli, æfir þau í málfærni og undirbýr þau fyrir lífið sjálft. Í hlutverkaleiknum vinna börn úr eigin reynslu og læra samkennd, vináttu og lýðræðisvitund þeirra mótast þar. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barnið tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Börnin læra að setja fram hugmyndir sínar en þurfa jafnframt að taka tillit til annarra.

Kennari getur nýtt leikinn markvisst til þess að skapa nýja þekkingu þegar hann leggur til hugmynd eða efnivið í leikinn um leið og reynsla, áhugi og leikgleði barnanna fær að njóta sín. Hann styður við leikinn og sýnir honum áhuga með því að vera til staðar og fylgjast með honum. Kennari örvar börnin til að þróa leikinn enn frekar án þess að stýra honum og er virkur áhorfandi í leik barna og skráir hann hjá sér. Er vakandi fyrir því hvaða börn eiga erfitt með að taka þátt í leiknum og hjálpar þeim inn í hann. Kennari setur orð á alla hluti og veitir börnunum hlýju og öruggt skjól.

Leikumhverfi og efniviður leikskólans

Hlutverk kennara er að skipuleggja leikskólastarfið með tilliti til leiks og náms, s.s. rými og efnivið. Einnig að skapa börnunum umhverfi sem hvetur þau til þátttöku í leik og sjá til þess að leikurinn fái nægt rými og tíma innan dagskipulagsins.

Í aðalnámskrá leikskóla er fjallað um mikilvægi efniviðs í leikskólastarfinu. Hann þarf að vera margbreytilegur, skapandi, vekja forvitni og höfða til allra barna á öllum aldri. Opinn efniviður gegnir lykilhlutverki í leik barna í Fífuborg og styður við nám þeirra í gegnum leik. Sem fyrr segir er opinn efniviður leikefni sem hefur marga möguleika og hægt er að nota á fleiri en einn veg, s.s. kubbar, leir o.fl.

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem Mennta- og barnamálaráðuneytið gaf út árið 2023 með viðbótum árið 2023, er ákveðinn rammi um skólastarf og veitir leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hluti hennar er sameiginlegur fyrir öll skólastigin þar sem fjallað er um hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun, mat og eftirlit. Teknir eru fyrir sex grunnþættir menntunar í kaflanum um almenna menntun sem mynda kjarna menntastefnunnar fyrir öll skólastigin. Þeir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Hvert skólastig er með sér hluta þar sem nánar er farið í inntak og viðfangsefni skólastarfsins í samræmi við aldur og þroska barna.

Menntastefna Reykjavíkur

Markmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Helstu leiðarljós stefnunnar eru að barnið sé virkur þátttakandi og að fagmennska og samstarf sé í öndvegi. Grundvallarþættir Menntastefnunnar eru fimm: Félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Í tengslum við Menntastefnuna var stofnaður þróunarsjóður til að styðja við sjálfsprottin þróunarverkefni á starfsstöðum Skóla- og frístundarsviðs í þeim tilgangi að stuðla að framgangi Menntastefnunnar og auka samvinnu starfsmanna og stofnana. Fífuborg hefur sótt um styrk árlega úr þróunarsjóðnum síðan árið 2020. Styrkurinn hefur verið nýttur til þess að festa vinnu með könnunaraðferðina í sessi í leikskólanum. Könnunaraðferðin eflir alla fimm grundvallarþætti Menntastefnunnar, sem nefndir voru hér að ofan (sjá kafla um könnunaraðferðina á bls. 14).

Menntastefna Reykjavíkur byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmállinn er mannréttindayfirlýsing fyrir börn. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Við tengjum vinnu okkar í Fífuborg sérstaklega við 7., 8., 10., 12., 13., 28., og 29. greinarnar. Þessar greinar fjalla m.a. um réttindi barna til nafns og ríkisfangs, fjölskyldu, menntunar, tjáningar og skoðanafrelsis.

Barn vikunnar er samvinnuverkefni leikskóla og foreldra. Þar er m.a. unnið með rétt barnsins til nafns, ríkisfangs og fjölskyldu. Þá er eitt barn í brennidepli, eina viku yfir veturinn. Barnið fer heim með vinadúkku yfir helgi og skráir hvað gert var. Frásögnin er svo lesin upp fyrir barnahópin. Einnig kemur barnið með bók og leikfang í leikskólann og sýnir barnahópnum og fær að velja uppáhaldstónlist. Börnin fá að njóta sín sem einstaklingar og góður umræðugrundvöllur skapast fyrir mismunandi fjölskyldur og menningu.

Áherslur Barnasáttmálans ríma vel við áherslur leikskólans um að rödd barnsins heyrir og þau hafi áhrif á umhverfi sitt. Einnig leggjum við áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð s.s. að við hlustum á hvort annað, ræðum málin og reynum að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það er ekkert rétt eða rangt heldur virðum við mismunandi skoðanir. Ef við komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu, t.d. hvert við viljum fara í gönguferð, kjósa börnin og meirihlutinn ræður. Með þessu eru börnin virk og hafa áhrif á hvað gert er í daglega starfinu, s.s. hvert þau vilja fara í gönguferð eða hvaða bækur á að lesa.



Heillaspor

Leikskólinn er í innleiðingu á Heillasporum og mun Innleiðingin taka tvö ár, 2024 – 2026. Innan leikskólans starfar innleiðingarteymi sem vinnur með ráðgjafa frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi. Lögð er áhersla á líðan, þroska og vöxt hvers og eins. Markmiðið er að börn, ungmenni og fullorðnir nýti styrkleika sína og hæfileika til fulls. Heillaspor eru unnin í samstarfi við miðstöð menntunar- og skólaþjónustu.

Leiðandi vörður Heillaspora eru styðjandi vegvísar að breyttum og nýjum starfsháttum.

Vörðurnar styðja við ígrundun starfsfólks inn á við með því að staldra við, kyrra hugann og fara á dýptina í að skoða eigin starfshætti, umhverfi, samskipti og viðhorf.

Vörðurnar leiða starfsfólk að þekkingu og skilningi á sínum eigin viðbrögðum og margbreytilegum þörfum barna og samstarfsfólks.

Vörðurnar veita starfsfólki áræðni til að leita nýrra leiða svo betur sé hægt að mæta þörfum barna og tryggja þeim tilfinningalegt öryggi.

Vörðurnar sex eru allar samofnar út frá vörðunni um tilfinningalegt öryggi sem er grundvöllurinn í Heillasporum.



VIRÐING



Við sýnum virðingu fyrir umhverfinu með því að ganga vel um, bæði inni og úti. Það gerum við með því að ganga frá eftir okkur, fara vel með hlutina, flokka og endurnýta.

Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu þegar við erum umhyggjusöm. Við hjálpumst að, skiptumst á og leikum saman. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og ef við getum sjálf beðist afsökunar.



Við berum virðingu fyrir skoðunum og tilfinningum annarra. Það gerum við með því að hlusta á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur. Við erum ekki öll eins en við erum öll einstök.

HEILBRIGÐI



Við stuðlum að heilbrigði með hollu mataræði og góðum hreinlætisvenjum.



Við stuðlum að heilbrigði með góðri hreyfingu og hæfilegri hvíld. Það gerum við með því að fara út og leika okkur og í hreyfistundum. Við hvílumst og slökum á svo okkur líði vel.

Við stuðlum að heilbrigði með því að huga að tilfinningum og líðan.



GLEÐI



Við erum glöð þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.

Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum. Við hvetjum til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.



Gleðin er smitandi. Við sköpum jákvætt andrúmsloft með brosi. Við horfum á ljósu punktana og njótum augnabliksins.

STARFSHÆTTIR OG LEIÐIR

Starfshættir okkar endurspeglar hugmyndafræðilegar áherslur leikskólans. Við notum fjölbreyttar leiðir sem eiga það allar sameiginlegt að byggjast á skapandi, gagnrýnni hugsun og tengjast bæði leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Stjórnun og hlutverk kennara

Við stjórnun leikskólans er lögð áhersla á að nýta mannauðinn og hlusta, þannig að hver starfsmaður sé metinn út frá sínum hæfileikum. Þetta endurspeglast í viðhorfi okkar til barnanna og hlutverks kennara:

- Við berum ábyrgð á að skapa aðstæður og námsumhverfi fyrir börnin til aukins þroska og skapandi hugsunar. Við höfum það ávallt hugfast við dagsskipulagningu og gefum leiknum og sköpuninni bæði tíma og rými.
- Við komum fram af virðingu við börnin. Við hlustum á þau af athygli (virk hlustun) og viðurkennum tilfinningar þeirra. Við virðum skoðanir þeirra og biðjum um álit þeirra og hugmyndir, t.d. í endurmati og þegar hátíðir eru skipulagðar.
- Við notum opnar spurningar. Opnar spurningar gera þær kröfur að börnin svari með setningu, taki afstöðu og/eða setji fram tilgátu. Þær gefa börnunum líka þau skilaboð að þau njóti virðingar og að á þau sé hlustað.
- Við leggjum áherslu á að börnin séu ávallt í návist kennara í leikjum sínum og ekki eftirlitslaus. Kennarinn er þannig til staðar til að örva leikinn, grípa inn í, leiðbeina, veita öryggi og taka þátt. Allt eftir aðstæðum hverju sinni.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð. Börnin koma með tillögur að viðfangsefnum og hópurinn ákveður í sameiningu hvað gera skuli. Börnin eiga frumkvæðið og leiða verkefnið áfram en kennarinn styður þau í þekkingarleitinni.
- Við erum jákvæðar fyrirmyndir barnanna í samskiptum og daglegu starfi. Við höfum gleðina í fyrirrúmi. Við sýnum umhyggjusemi og tökum tillit til annarra. Stundum gerum við mistök og þá biðjumst við afsökunar.
- Við veitum öllum börnum jákvæða athygli á hverjum degi, tökum vel á móti þeim, heilsum með nafni og kveðjum líka með nafni.
- Til að koma í veg fyrir neikvæð samskipti og taka á agamálum notum við hrós, skýr fyrirmæli og virka hlustun. Sjá nánar í foreldrahandbók á [heimasvæði](#) leikskólans.
- Við leggjum okkur fram um að vera góðar málfyrirmyndir.
- Við notum skráningar til þess að fylgjast með framförum barna. Nýtum reynslu þeirra og áhugasvið til frekara náms.



Val

Við bjóðum upp á val í ýmsum aðstæðum í leikskólastarfinu. Börnin fara í deildarval og flæði. Með flæði er átt við að börnin hafi val um leik á ýmsum svæðum leikskólans. Með því að hafa val, ýtum við undir sjálfstæði barnanna og skilning þeirra á því að þau geti haft áhrif á eigið líf. Við hvetjum börnin til að velja sjálf og taka ábyrgð á eigin vali. Hluti af agastefnu leikskólans er að börnin hafi val um leikföng/efnivið og hve mikinn mat þau vilja á diskinn svo dæmi séu nefnd. Valið stuðlar að því að börnin þori og vilji takast á við hið óþekkta og þau verði gagnrýnir einstaklingar sem geta valið og hafnað í lífinu. Við hvetjum börn til að standa við val sitt um tíma en við viljum líka að þau viti að það megi skipta um skoðun og að umhverfið bjóði upp á sveigjanleika. Þess vegna geta börnin valið sér nýtt svæði ef áhuga og/eða úthald skortir.

Öll börn sem orðin eru þriggja ára fara í flæði og deildarval. Svæðin sem hægt er að velja um eru Hulduheimar, Dvergheimar, Álfheimar, salur og listaskáli. Þessi svæði bjóða upp á ýmis viðfangsefni, t.d. holukubba, hlutverkaleik, einingakubba, vísindi og alls kyns verkefni tengd viðburðum í leikskólanum s.s. að skreyta leikskólann þegar hann á afmæli. Á þessum svæðum eru ýmis ritföng í boði til að efla bernskulæsi. Börnin teikna, merkja byggingar eða búa jafnvel til matseðla fyrir leikinn sinn.

Í flæðinu blandast börn á aldrinum þriggja til sex ára saman á svæði sem þau velja sér. Með því eflum við börnin í að leysa vandamál í mismunandi aldurshópum og efla félagslega færni sína.

Deildarval er vikulegt hjá öllum nema börnum á yngstu deild og fer það fram á heimadeild barnanna. Notaðar eru lýðræðislegar aðferðir til að ákveða hvað eigi að vera í boði. Listaskáli er í boði á deildardögum. Þá skiptast öll börnin á deildinni á að fara í listaskála og vinna ýmis verkefni.



Hópastarf

Einu sinni í viku eru hópastarfsdagar, hver deild á sinn hópastarfsdag og hefur afnot af salnum þann dag. Börnin vinna margvísleg verkefni, gjarnan þematengd. Einnig fara þau í tónlist, fá málörvun ásamt því að fara í hreyfistundir. Í hópastarfi leggjum við áherslu á að börnin læri að vinna í hóp og taka tillit til hvors annars.

Við styðjumst við eftirfarandi kennsluaðferðir í hópastarfi og þemavinnu:

Könnunarleikur yngstu barna (Heuristic play with objects)

Leikur með opinn, verðlausan efnivið þar sem börnunum er gefinn möguleiki á að kanna, uppgötva, velja og hafna. Einnig að vinna með líka og ólíka hluti. Í könnunarleiknum er börnunum skipt í hópa og fer hver hópur í könnunarleikinn einu sinni í viku. Í tiltektinni felst mikill lærdómur. Þá er hægt að setja orð á hlutina og efla samvinnu.

Könnunaraðferð (The Project Approach)

Könnunaraðferðin flokkast undir fjölbreytta starfs- og kennsluhætti. Aðferðin felst í því að ákveðið þema eða viðfangsefni er rannsakað ítarlega út frá áhuga barnanna. Viðfangsefnið er venjulega tekið úr umhverfi sem börnin þekkja og er nálgast þannig að það hafi persónulega merkingu fyrir barnið. Reynt er að leita svara við spurningum um viðfangsefnið sem getur sprottið út frá leik eða verið fyrir fram ákveðið þema, t.d. dýr, árstíðir o.fl. Börnin hafa áhrif á ákvarðanatöku í könnunaraðferðinni og eru virkir þátttakendur í þekkingarleitinni.

Könnunaraðferðin eflir alla fimm grundvallarþætti Menntastefnunnar. Unnið er út frá áhugasviði barna á fjölbreyttan hátt og því fléttað saman við tónlist, leiklist, myndsköpun, hreyfingu o.fl. Einnig er mikil áhersla lögð á samvinnu í könnunaraðferðinni. Þegar fjölbreyttir starfs- og kennsluhættir eru nýttir eru meiri líkur á að ná árangri með fjölbreytta barnahópa og koma til móts við þarfir allra barna. Könnunaraðferðin er því mjög hentug fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

Viðfangsefnið getur verið ákveðið af börnunum sjálfum eða kennaranum. Það er hins vegar eðlislægur áhugi barnanna sem ræður ferðinni. Hægt er að vinna með þessa aðferð í stórum eða litlum hópum barna, í lengri eða skemmri tíma.

Þegar könnunaraðferðin er notuð verður starfið sýnilegra þar sem það felur í sér mikla skráningu ásamt stöðugu mati á vinnu og námi barnanna. Kennarinn skráir athugasemdir um vinnu barnanna í ferlinu öllu. Hann skráir niður svör barnanna og samræður þeirra. Hann tekur ljósmyndir og jafnvel myndband af ferlinu.



Gönguferðardagar

Einu sinni í viku er gönguferðadagur hjá hverri deild fyrir sig. Við verðum oftast við óskum barnanna um áfangastað. Grenndarsvæðið í Holtinu eða leikvöllur er oftast á óskalistanum. Við stefnum að því að auka þol barnanna með því að lengja gönguferðirnar smátt og smátt. Stundum erum við búin að ákveða með börnunum hvert viðfangsefni gönguferðarinnar verður en oftast en ekki rekumst við á eitthvað sem vekur áhuga barnanna og út frá því spinnast umræður og jafnvel verkefni. Misjafnt er eftir aldri hversu oft börnin fara í gönguferðirnar.



GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR

Grunnpættir menntunar tengjast innbyrðis í leik og námi barna og eru háðir hver öðrum. Þeir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati. Flest allt starf leikskólans, hvort heldur það eru daglegar athafnir, frjáls leikur eða skipulagt starf, fellur undir fleiri en einn grunnpátt og í flestum tilvikum koma allir grunnpættirnir fyrir. Eftirfarandi eru nokkur atriði um grunnpætti menntunar sem hér eru dregin saman:

Læsi: „Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“

Sjálfbærni: „Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.“

Heilbrigði og velferð: „Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: Jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“

Lýðræði og mannréttindi: „Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan

sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.“

Jafnrétti: „Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismunar sumra og forréttinda annarra.“

Sköpun: „Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmennt skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggur í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Námssviðin og sex grunnþættir menntunar

Leikskólinn Fífuborg starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 þar sem áhersla er lögð á gildi leiksins. Jafnframt er tekið mið af sex grunnþáttum menntunar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Allt þetta fléttast saman í fjórum námssviðum sem eiga að mynda samþætt og skapandi leikskólastarf ásamt hugmyndafræðilegum áherslum leikskólans. Þar eru sett fram markmið og leiðir leikskólans til að ná þeim. Námssviðin eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eiga námssvið leikskólans að

- vera hluti af leik barna
- vera samþætt daglegu starfi leikskólans
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna
- hvetja til samvinnu og samstarfs
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði
- hvetja til ímyndunar og sköpunar
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði

Læsi og samskipti

Læsi

Læsi í víðum skilningi felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt, tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Það er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri sem felur í sér málnotkun og merkingu orða í málсамfélagi. Málþroskinn þróast hratt á leikskólaárunum og mikilvægur grunnur er lagður að alhliða þroska barna á þessum árum sem undirbýr þau fyrir ýmis flókin viðfangsefni síðar á ævinni, m.a. lestrarnám. Málþroskinn lærast fyrst og fremst í leik barnanna og er það hlutverk starfsfólks að efla mál og læsi þeirra, bæði markvisst og með því að nýta öll tækifæri sem gefast yfir leikskóladaginn.



Bernskulæsi vísar til þróunar á mikilvægum undirstöðupáttum lestrarfærni áður en formleg lestrarkennsla hefst. Þessi þróun felur í sér að börn byrji mjög ung að sýna tal- og ritmáli áhuga og að þau tileinki sér vissa þekkingu í undirstöðupáttum lestrarfærni áður en þau byrja í grunnskóla, m.a. bókstafaþekkingu, hljóðkerfisvitund, orðaforða, málskilning og máltjáningu. Þau byrja að skilja tilgang ritmáls og mörg þeirra byrja að læra fyrstu bókstafina á þessum árum. Góður málþroski á leikskólaaldri er talinn auka líkur á farsælu lestrarnámi. Samvinna á milli heimilis og leikskóla er mikilvægur þáttur til að efla málþroska barna. Hér fyrir neðan eru talin upp þau markmið og þær leiðir sem farnar eru í leikskólanum Fífuborg í tengslum við mál og læsi en nánari útlistun á vinnu með mál og læsi í leikskólanum er hægt að finna í [Læsisáætlun Fífuborgar](#) á heimasvæði leikskólans.

Markmið:

- Kennarar séu meðvitaðir um að efla alla þætti bernskulæsis.
- Að hafa frumkvæði að samstarfi við foreldra um eflingu bernskulæsis
- Að börn fái ríkuleg tækifæri til þess að kynnast íslensku og möguleikum tungumálsins.

Leiðir:

- Mikil áhersla er lögð á að ritmál sé sýnilegt börnunum. Leikföng, húsgögn og hirslur fyrir leikföngin eru merkt með bókstöfum og myndum.
- Börn fara reglulega í skipulagðar málörvunarstundir. Þar er unnið með alla helstu þætti bernskulæsis. Unnið er með “Lubbi finnur málbein” og kemur Lubbi bangsi reglulega í heimsókn á hverja deild.



- Börn á eldri deildum hafa greiðan aðgang að ritmálsörvandi efni og eru þau hvött til að merkja myndirnar sínar sjálf með nafni sínu. Einnig eru þau hvött til að merkja byggingar sínar o.fl. í leik.
- Leikskólinn er með fjölbreyttan bókakost sem stendur börnunum til boða.
- Öll börn fara í sögustund að minnsta kosti einu sinni á dag. Ýmsar leiðir eru notaðar til þess að sögustundin sé áhugaverð og fjölbreytt fyrir börnin. Sem dæmi má nefna sögupoka, flæðilestur, samræðulestur, bullusögur og bókabíó.
 - Yngri deildir eru með bókaorm á meðan eldri deildir eru með orðaorm til að auka orðaforða og fær hann að hanga á vegg deildarinnar yfir veturinn.
 - Tvær eldri deildirnar fara reglulega í heimsókn á bókasafnið. Þar er lesið fyrir börnin og þau fá að taka bækur til útláns sem eru síðan lesnar fyrir þau í leikskólanum.
- Öll börn fara í samverustund að minnsta kosti einu sinni á dag. Þar er sungið, unnið með hljóðkerfisvitund og orðaforða og spjallað saman. Leikskólinn er með lög mánaðarins og málshátt mánaðarins sem eflir orðaforða barnanna.
- Kennarar auðgar orðaforða barna með því að vera til staðar, setja orð á athafnir, reynslu, tilfinningar og gæta þess að öll börn fái tækifæri til að tjá sig.
- Farið er í málörvunarleiki í spjaldtölvum ásamt því að nota tölvuna til að hlusta á fjölbreytta tónlist og sögur.
- Matslistar sem notast er við til að meta málþroska barna eru EFI-2 og TRAS. Elstu börn leikskólans eru þar að auki tekin í HLJÓM-2 málþroskaskimun að hausti.

Samskipti

Hæfni í félagslegum samskiptum er veigamikill þáttur í daglegu lífi hvers einstaklings og er því mikilvægt að efla félagshæfni barna. Til að geta átt góð og gefandi samskipti við aðra er mikilvægt að rækta með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum annarra. Börn æfa samskipti í leik og er því mikilvægt að leiknum sé gefið rými í leikskólastarfinu, í gegnum leikinn læra börn seiglu, sjálfstjórn og tillitssemi svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf strax á leikskólastigi til að vinna með jákvæð samskipti þar sem lögð er áhersla á samkennd, umhyggju, vináttu og vellíðan í barnahópnum

Markmið:

- **Að börnin fái ríkuleg tækifæri til þess að tjá sig á fjölbreyttan hátt og endurskapa þannig upplifun sína og reynslu í leik og starfi.**
- **Að börnin eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.**
- **Að efla mikilvæga þætti í samskiptum, s.s. vináttu, sjálfsmynd, samvinnu, samkennd o.fl**

Leiðir:

- Starfsfólk spyr opinna spurninga þ.a. börnin geti svarað með setningu, tekið afstöðu og /eða sett fram tilgátu. Opnar spurningar gefa börnunum líka þau skilaboð að þau njóti virðingar og að á þau sé hlustað.
- Grípum frumkvæði barnanna, hlustum á þau (notum virka hlustun), svörum þeim og leiðum þau áfram í að segja frá í samhengi.
- Samtöl við einstök börn og samræður við hóp barna. Þá gefst börnunum tækifæri til að deila skoðunum sínum og hugmyndum, ræða um það sem stendur þeim næst og hvað hópurinn hefur upplifað saman.
- Í heimspekilegum þælingum og umræðum um tilfinningar lærum við að bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Einnig gefst tækifæri til að velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu, sem og menningu annarra þjóða.
- Við hvetjum börnin til þess að leysa úr ágreiningi sjálf en erum til staðar: „Hvernig viljið þið skipta kubbunum svo að það sé sanngjarnt fyrir ykkur bæði?“.
- Styðja við sjálfsprottinn leik barna og gefa honum rými og sveigjanleika svo börn hafi tækifæri til að efla samskiptahæfni sína og leysa vandamál.
- Börnin fá tækifæri til að koma fram, bæði í litlum og stórum hóp t.d. á foreldraskemmtunum og þegar þau eru barn vikunnar.
- Börnin kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum. Börnin koma með tillögur og kjósa t.d. um hvaða bók er lesin eða hvert sé farið í gönguferð. Rödd barnanna er mikilvæg í endurmati á starfi leikskólans.
- Kennarar eru fyrirmyndir í jákvæðum samskiptum.
- *Vinátta*, forvarnarverkefni
Barnaheilla er nýtt til þess að efla mikilvæga þætti í samskiptum, s.s. samkennd, umhyggju, vináttu og vellíðan í barnahópnum. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar. Honum fylgja litlir hjálparbangsar sem hvert og eitt barn fær og hefur aðgang að inni á deild. [Hér má finna nánari upplýsingar um Vináttu verkefnið á heimasíðu Barnaheilla.](#)



Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hreyfingu, hvíld, hreinlæti og útivist til þess að stuðla að almennri vellíðan og heilbrigði. Fífaborg tekur þátt í verkefninu [Heilsueflandi leikskóli](#) á vegum Embættis landlæknis. Heilsueflandi leikskóli leggur áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: Hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.



Markmið:

- Að börnin tileinki sér heilbrigðan lífsstíl fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan.

Leiðir:

- Við bjóðum upp á hollan mat og ræðum um hvað maturinn gerir okkur gott. Matinn fáum við frá Matartímanum. Á [heimasíðu Matartímans](#) er hægt að finna ýmsan fróðleik og næringargildi hvernar máltíðar.
- Hreyfing skipar stóran sess í starfi leikskólans. Úti er frjáls leikur, gönguferðir um hverfið og í holtið. Inni eru skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku á veturna og stundum er boðið upp á hreyfingu í frjálsum leik.
- Við viljum skapa notalegt andrúmsloft. Að börnin geti dregið sig í hlé á notalegum stað og kynnist slökun t.d. í lok hreyfistundar. Á öllum deildum er róleg stund eftir matartíma. Yngri börnin sofa en þau eldri fara í sögustund.
- Við leggjum áherslu á að börnin tileinki sér persónulegt hreinlæti, t.d. tengt salernisferðum.
- Við hvetjum börnin til sjálfshjálpar, sérstaklega í fataklefanum og að þau læri smám saman að klæða sig eftir veðri. Einnig við matarborðið þar sem góðir borðsiðir eru í hávegum hafðir. Á eldri deildum eru börnin að æfa sig að skammta sér hóflega.
- Við erum meðvituð um líðan starfsfólks á vinnustaðnum okkar.



Vellíðan

Vellíðan er mikilvæg fyrir góða sjálfsmynd og gott sjálfstraust. Það er stór þáttur í vellíðan barna að eiga jákvæð og góð samskipti, að borin sé umhyggja og virðing fyrir þeim og að þau finni að á þau sé hlustað.

Markmið:

- Að börnin verði sjálfstæðir og jákvæðir einstaklingar með góða samskiptafærni og sterka sjálfsmynd.

Leiðir:

- Einkunnarorð leikskólans: Gleði - Virðing - Heilbrigði endurspeglast í skólabragnum og í öllu starfi leikskólans, s.s. þemavinnu um vináttuna og líkamann.
- *Vinátta*, forvarnarverkefni
Barnaheilla er nýtt til þess að efla mikilvæga þætti í samskiptum, s.s. samkennd, umhyggju, vináttu og vellíðan í barnahópnum.
- Val er mikilvæg leið til þess að börnin fái að efla áhugasvið sín en líka að prófa sig áfram í nýjum hlutum. Val ýtir einnig undir sjálfstæði.
- Við stuðlum að góðri samskiptafærni og sterkri sjálfsmynd með því að vera góðar fyrirmyndir, hvetja og hrósa þegar börnin sýna vinsemd og umhyggju.
- Reynum að láta börnin upplifa öryggi. Þau fái góðan tíma til þess að aðlagast leikskólanum og upplifi að þau geti leitað til starfsmanna með stórt og smátt.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð í starfinu, t.d. koma skoðanir barnanna fram í endurmati á starfi leikskólans.
- Starfsmenn eru meðvitaðir um að ýta ekki undir hefðbundin kynhlutverk og kynhneigð.



Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni

Mikilvægt er fyrir þroska barnsins að það kynnist náttúrunni og læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Það er því nauðsynlegt að skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta hennar, s.s. í vettvangsferðum og á leikskólalóðinni. Barnið upplifir náttúruna af eigin raun, nýtur hennar og lærir að umgangast hana af virðingu. Fífuborg er grænánaskóli og fékk grænánann fyrst afhentan 18. janúar 2013 á 20 ára afmæli leikskólans.

Markmið:

Að stuðla að umhverfislæsi barna:

- Að börnin læri að njóta náttúrunnar og virða hana.
- Að börnin öðlist skilning á náttúruþyrirbærum.
- Að efla hugtakaskilning barnanna tengdan náttúru og vísindum.
- Að hugmyndafræði menntunar til sjálfbærni nái bæði til náms barnanna og reksturs leikskólans. *Með menntun til sjálfbærni er átt við að við högum aðgerðum okkar þannig að þær dragi sem minnst úr möguleikum fólks í framtíðinni. Að við skilum ekki umhverfinu til komandi kynslóða í lakara ástandi en við tókum við því. Sjálfbærni er samspil umhverfis-, félags- og efnahagslegra þátta.*



Leiðir:

- Börnin læra viðeigandi umgengni á leikskólalóðinni, t.d. að fara vel með gróður, yfirfara garðinn og tína rusl.
- Þau nota nærumhverfi leikskólans til að læra um lífverur, veður, landslag og upplifa náttúruna í leiðinni, s.s. að skoða og skila lífverum. Þetta er gjarnan kveikja að frekari verkefnum.
- Börnin nota auðugt tungumál í umræðum um náttúruna, t.d. þegar veðurfræðingurinn gáir til veðurs.
- Þau fá innsýn í hringrásir í náttúrunni og skynja t.d. að vatns- og sápunotkun þeirra hefur áhrif í sjónum.
- Grænánaverkefni Landverndar er rammi utan um umhverfisstefnu leikskólans.
- Ella umhverfisdúkka er fulltrúi Grænánaverkefnisins í Fífuborg. Hún kemur mánaðarlega inn á hverja deild og fræðir börnin um umhverfismál eins og flokkun pappírs og plasts, af



hverju það er mikilvægt að endurvinnna, mikilvægi útiveru fyrir góða heilsu, að tína rusl, að ganga vel um hlutina svo þeir endist lengur, matarsóun og margt fleira. Ellu fylgja fræðslubækur, spil o.fl.

- Börnin fá að vinna með náttúrulegan efnivið á skapandi hátt, nýta hluti á nýjan hátt og nota verðlausan efnivið.
- Börn og starfsfólk fer vel með orku. Við slökkvum ljós, kyndum hæfilega og látum ekki vatn renna að óþörfu. Á eldri deildunum er vatns- og sápuvörður eitt af ábyrgðarhlutverkum barnanna.
- Við temjum okkur hófsemi í nýtingu auðlinda jarðarinnar með því að ganga vel um húsnæði, húsbúnað, leikföng, bækur og haga innkaupum á sem vistvænstan hátt.
- Nýtum útikennslukassa Fífaborgar sem inniheldur m.a. fræðsluspjöld um lífverur, gróður o.s.frv.



Vísindi

Frá fyrstu stundu reyna börn að kanna og skilja umhverfi sitt með því að snerta, skoða og prófa. Þessi meðfædda forvitni fær að njóta sín þegar náttúran og umhverfið er kannað á fjölbreyttan hátt.

Markmið:

- Að börnin fái tækifæri til að rannsaka, spyrja og upplifa á grunni skapandi hugsunar.
- Að börnin þjálfi rökhugsun með stærðfræðilegum viðfangsefnum s.s. tölum, táknum og mynstrum.
- Einnig að vinna með rými, fjarlægðir og áttir.

Leiðir:

- Börnin fá að leika með fjölbreyttan og opinn efnivið þar sem þau vinna með hlutföll, fjölda, stærð, lögun, rými og flokkun. Þau prófa, mæla, vega, snerta og blanda. Þetta er gert t.d. í könnunarleiknum, einingakubbum, holukubbum og vísindavagni.
- Þau gera tilraunir, setja fram tilgátur, prófa og fá niðurstöðu.
- Kennarinn kemur með kveikjur í útveru, s.s. samstæður, formin, finna liti, mæla hluti.
- Upplýsingaöflun á fjölbreyttan hátt:
 - með athugunum barnanna
 - úr bókum
 - á veraldarvefnum



Sköpun og menning

Sköpun

Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleikana.

Markmið:

- Að gefa góðan tíma fyrir sjálfsprottinn leik því þar á mikil sköpun sér stað.
- Að hvetja börnin og aðstoða þau við að nýta eigin hæfileika og reynsluheim til sköpunar og tjáningar.
- Að í sköpun sé lögð meiri áhersla á ferlið en afurðina. Að gleðin og ímyndunaraflið fái að njóta sín.
- Að gefa barninu færi á að vinna með opinn og fjölbreyttan efnivið í daglegu starfi.
- Stuðla að sjálfstæði barnanna og koma til móts við ólíkar þarfir þeirra.



Leiðir:

- Við höfum ákveðinn sveigjanleika innan dagsskipulagsins og börnin velja gjarnan hvað þau gera. Við viljum gefa þeim tíma og svigrúm.
- Í sköpun og leik fá hugmyndir og vinna barnanna að njóta sín.
- Við hvetjum börnin til þess að prófa fjölbreytta tækni í listsköpun og bjóðum upp á margvíslegan efnivið, gjarnan verðlausan.
- Leikefniviðurinn er opinn, t.d. einingakubbar og holukubbar. Börnin geta einnig blandað saman kubbum við annan efnivið, s.s. holukubba og þemakassa.
- Börnin kynnast fjölbreyttri tónlist, dansi, leikrænni tjáningu og fá tækifæri til að nota það til sköpunar.
- Ritföng og efniviður til sköpunar er aðgengilegur. Bæði fyrir leik, myndlist, tónlist, leikræna tjáningu o.fl.
- Við notum kennsluaðferðir þar sem börnin eru í aðalhlutverki:
 - Könnunarleikurinn með yngri börnunum þar sem þau prófa og rannsaka verðlausan efnivið.
 - Könnunaraðferðin og þemánám með eldri börnunum þar sem þau leiða ferlið og eru rannsakendur (sjá kafla um könnunaraðferðina).



Menning

Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði og þjóðmenningu.



Markmið:

- Að börnin fái tækifæri til að sýna og segja frá heimameningu sinni.
- Að börnin kynnist nærumhverfi sínu.
- Að börnin kynnist fjölbreyttri menningu og hefðum. Einnig að allir eigi að njóta jafns réttar óháð uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Leiðir:

- Við höldum í gamlar íslenskar hefðir og kynnum þær fyrir börnunum s.s. þjóðhátíðarfræðsla í júní, fræðsla um Þorrann í janúar og jólahald í desember. Börnin hlusta á og vinna með ævintýri, þjóðsögur, þjóðlega tónlist og þulur.
- Þemað *Fjölskyldan mín* er unnið ár hvert í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem börnin sjá að þau eru ólík og einstök en allir geta verið saman í sátt og samlyndi.
- Barn vikunnar er samvinnuverkefni leikskóla og foreldra þar sem eitt barn er í brennidepli, eina viku yfir veturinn. Barnið fer heim með vinadúkku yfir helgi og foreldri/forráðamaður skráir atburði sem sendir eru í tölvupósti. Frásögnin er svo lesin upp fyrir barnahópinn. Einnig kemur barnið með uppáhaldstónlist, bók og leikfang í leikskólann og sýnir barnahópnum. Börnin fá að njóta sín sem einstaklingar og góður umræðugrundvöllur skapast fyrir mismunandi fjölskyldur og menningu.
- Börnin fara í gönguferðir um nágrennið, kynnst Hallsholti, hverfinu sínu og hvar þau búa.
- Eldri börnin fara í lengri vettvangsferðir, t.d. í Þjóðminjasafnið, leikhús og á tónleika.
- Við skoðum heimskort/hnöttinn með börnunum.
- Reglulega koma leikhópar í heimsókn með leiksýningar fyrir börnin.
- Á föstudögum hittast börn og kennarar í sal leikskólans í *Vinastund* þar sem allir syngja saman og eiga notalega stund. Afmælisbörn standa upp og sungið er fyrir þau. Í vinastund kemur í ljós hver hreppir titilinn "Barn vikunnar".



- Haldið er upp á afmæli barnanna. Þau fá að búa sér til afmæliskórónu, velja afmælisdisk og glas, sunginn er afmælissöngurinn og þau mega koma með ávexti og grænmeti í tilefni dagsins.



SAMSTARF OG SAMSKIPTI

Stjórnendur í Fífaborg leggja ríkulega áherslu á samskipti við börn, starfsfólk og foreldra og tryggja að upplýsingum um leikskólastarfið sé miðlað til allra. Einnig leggja þeir áherslu á að mótun stefnu og áherslum leikskólastarfsins sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra.

Samskipti starfsfólks og barna eru jákvæð og viðurkennandi. Starfsmannahópurinn vinnur sem ein heild og samvinna á milli deilda er mikil og vel skipulögð.

Áætlanir um foreldrasamstarf, móttöku nýrra barna og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu eru mjög skýrar. Foreldrar eru hvattir til þátttöku í starfinu og þróun þess. Stöðugt er leitað leiða til að auka þátttöku þeirra, m.a. með því að kanna með formlegum hætti viðhorf foreldra um viðburði og starf leikskólans og þau nýtt til umbóta.



Samtarf leikskóla og heimilis

Foreldrar þekkja barn sitt best. Þeir hafa annast það frá fæðingu og fylgst með þroska þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla.

Starfsfólk þarf að þekkja heim barnanna utan leikskólans, fyrri reynslu þeirra, heimilisaðstæður og uppeldisviðhorf foreldranna. Það þarf að þekkja vandamál barnanna heima fyrir og vita hvernig brugðist er við þeim þar. Slíkar upplýsingar auka skilning starfsfólks á ýmsu atferli barnanna í leikskólanum. Á sama hátt þurfa foreldrarnir að fá vitneskju um hvernig börnunum vegnar í leikskólanum og kynnast uppeldisstarfinu þar.

Starfsfólk þarf að hafa samvinnu við fólk með ólík lífsviðhorf og umgengnishætti. Það þarf að gera sér far um að skilja og virða skoðanir annarra, setja sig í spor foreldranna og hafa færni og þekkingu til að ræða við þá um börnin og uppeldisstarfið á faglegum og málefnalegum grundvelli. Grunnur er lagður að góðu samstarfi við foreldra strax í upphafi leikskólagöngu barns. Jákvætt og traust samband milli foreldra og starfsmanna stuðlar að öryggi barnanna.

Þessi áhersla á samvinnu endurspeglast vel í þátttökuaðlöguninni. Hér er átt við aðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í starfi leikskólans á aðlögunartímanum. Miðað er við að þeir dvelji með börnum sínum í þrjá daga en á fjórða degi kveðja börnin foreldra sína að morgni og eru allan daginn í leikskólanum. Kostir þessa forms aðlögunar eru þeir, að starfsfólki gefst tækifæri til að læra af foreldrum hverjar venjur barnsins eru. Einnig verða foreldrar öruggari ef þeir vita af barninu sínu í öruggum höndum einhvers sem þeir hafa myndað tengsl við.

Mikilvægur þáttur í samvinnu við foreldra er góð upplýsingagjöf um það sem fram fer í leikskólanum. Á hurðum deildanna er að finna helstu upplýsingar um það sem gert er yfir daginn en einu sinni í viku senda deildarstjórar fréttabréf til foreldra. Inní á Völu er að finna myndir úr leikskólastarfinu ásamt ýmsum öðrum



upplýsingum. Tvisvar á ári eru foreldraviðtöl þar sem farið er yfir líðan barns í leikskólanum og þroska þess. Foreldrafundir eru haldnir á hverju hausti þar sem leikskólastarf komandi vetrar er kynnt. Foreldrum er boðið á skemmtanir, s.s. foreldraskemmtun í desember og útskrift elstu barna að vori. Foreldrum er boðið í opið hús í tengslum við könnunaraðferðina þegar verkefni vetrarins lýkur til að sjá ferlið og afrakstur vinnunnar. Þar að auki er foreldrum boðið að taka þátt í sumarhátíð Fífuborgar með börnum sínum. Foreldrum er velkomið að óska eftir viðtali við deildarstjóra hvenær sem er.

Foreldrafélag

Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja fjórir fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð, greiðir t.d. fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrasjóðs.

Foreldraráð

Við leikskólann starfar foreldraráð. Í því sitja fjórir fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðili um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið.

STUÐNINGUR Í LEIKSKÓLANUM

Sérkennsla og skipulag sérfræðipjónustu

Í Fífuborg er unnið eftir hugmyndafræði menntunar fyrir alla og snemmtækrar íhlutunar. Barnið er fyrst og fremst leikskólabarn. Stefnt er að því að mæta þörfum þess innan barnahópsins og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið. Að barnið geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu og að allir kennarar séu virkir þátttakendur í námi þess. Unnið er með minni hópa og í einstaklingsþjálfun ef þörf krefur. Gerðar eru einstaklingsnámskrár þar sem er unnið að þáttum sem þarf að styrkja í gegnum sterkar hliðar barnsins og stofnað teymi sem fundar reglulega með foreldrum, fulltrúum leikskóla, sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar og öðrum sérfræðingum eftir þörfum.

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi. Lögin eiga að tryggja það að börn og foreldrar þeirra eigi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau hafa þörf fyrir. Þjónustan er veitt á þremur þjónustustigum og er leikskólinn á fyrsta stigi. Öll börn og foreldrar þeirra skulu hafa aðgang að tengilið á fyrsta stigi og í Fífuborg er það sérkennslustjóri leikskólans. Tengiliðurinn er börnum og foreldrum þeirra innan handar og metur hvort þörf er á samþættingu þjónustu.

Ef grunur vaknar um þroskafrávik barns er lögum samkvæmt hlutast til um málið. Fyrst um sinn er það ávallt deildarstjóri barnsins sem heldur utan um mál þess en ef barnið þarf frekari aðstoð er hægt að leita til tengiliðar. Í samstarfi við foreldra er rætt um hvað leikskólinn getur gert. Snemmtækri íhlutun er beitt og allar mögulegar mælingar og mat á stöðu barnsins eru nýttar til að skoða styrkleika og ákvarða stöðu þess. Innan leikskólans er teymi sem sér um að kortleggja



stöðu barnsins og leita lausna því til stuðnings. Í teyminu sitja stjórnendur leikskólans, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Í teyminu eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barnsins rædd og úrræði virkjuð. Foreldrar eru ávallt upplýstir um að leita eigi ráða varðandi málefni barns þeirra hjá teyminu. Ef snemmtæk íhlutun leikskólans sýnir ekki nægilegan árangur getur teymið óskað eftir aðkomu sérfræðinga frá þjónustumiðstöð.

Nánari upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna má nálgast á <https://www.farsaeldbarna.is>

Mat á leik, námi og velferð barna

Mikilvægt er að fylgjast með og meta alhliða þroska barna, nám og vellíðan. Í Fífuborg eru foreldrasamtöl að vori og hausti og fá foreldrar þá almennar upplýsingar um alhliða þroska, nám og líðan barna sinna. Við styðjumst við ýmsa matslista, auk þess sem starfsmenn skrá niður stöðu og framfarir barnanna reglulega. Við erum að þróa fjölbreyttar skráningaraðferðir og höfum miðað við tvær einstaklingsskráningar á ári, auk hópskráninga. Einstaklingsskráningar fara í ferilmöppu barnsins ásamt ýmsu öðru. Í ferilmöppu er ýmsum myndum og skráningum safnað saman yfir leikskólagöngu barnsins. Þegar börnin færast á milli deilda fara upplýsingarnar með þeim áfram bæði skriflega og svo skiptast deildarstjórar á upplýsingum.



Í Fífuborg eru börnin í brennidepli og unnið er út frá stöðu þeirra, reynslu og áhugasviði. Lagt er upp úr því að kynnast þeim, áhugasviði og nýta þær upplýsingar í náminu t.d: Hvernig unir barnið sér í leik? Hvar leikur barnið helst? Við hverja? Með hvaða leikefni og hvaða viðfangsefni það hefur mestan áhuga á?

Börn með slaka hljóðkerfisvitund eru líklegri en önnur til að eiga erfitt með lestrarnám. HLJÓM-2 skimun sem kannar hljóðkerfis- og málmeðvitund barna og er þess vegna lögð fyrir öll elstu börnin að hausti. Niðurstöðurnar eru nýttar til að skipuleggja áframhaldandi málörvun og að vori er skimunin aftur lögð fyrir þau börn sem komu slök út að hausti til að athuga framfarir. TRAS skráningalistinn sem er athugun á málþroska barna er lagður fyrir öll börn á aldrinum tveggja til fimm ára, einnig EFI-2 málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna á fjórða ári.

Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Í Fífuborg er íslenskukunnátta barna með annað móðurmál efld, m.a. í leik og með ríku málumhverfi (sjá kafla um læsi og samskipti). Börn þurfa mörg tækifæri yfir daginn til að efla tjáningu og skilning í íslensku.

Góð samvinna við foreldra er lykilatriði til að styðja við tungumálakunnáttu barna með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Við bjóðum heimamál barnanna velkomid í leikskólann og á sama tíma hvetjum við foreldra til að bjóða íslenskunni heim. Á



hverjum vetri sendum við foreldrum upplýsingar um mikilvægi íslenskukunnáttu og til stuðnings bendum við á þau forrit og sjónvarpsefni sem hægt er að nýta heima til að efla íslenskukunnáttu.

Túlkapjónusta er nýtt til að auðvelda samskipti við foreldra ásamt því að nota þá tækni sem í boði er. Við notum samskiptabækur, orðabækur með myndum og tákn með tali til að hjálpa börnunum og fjölskyldunni að kynnst þeim orðaforða sem er notaður í leikskólanum.

Myndir eru notaðar til að styðja við samskiptin við börnin og fjölskyldur þeirra. Þegar börnin byrja í leikskóla fá þau aðgang að myndum sem þau geta notað til að tjá grunnþarfir og hjálpa þeim að læra á dagskipulag leikskólans.

Framfarir barna með annað heimamál en íslensku er metnar með *hæfnirömmunum* af deildarstarfsfólki í samvinnu við fjölmenningatengilið. Út frá þeim fá þau einstaklingsnámskrá sem unnið er eftir inni á deild og af fjölmenningatengilið. Fylgst er með framförum þeirra og hvort þörf sé á frekara inngripi.

TENGL SKÓLASTIGA

Samfella í námi barna er mikilvæg þannig að grunnskóli og frístundastarf verði eðlilegt framhald af leikskóla. Markmið þessa samstarfs er að:

- auka samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastig
- draga úr kvíða sem oft fylgir því að hefja skólagöngu í grunnskóla
- efla vitund kennara beggja skólastiga



Leitast er við að ná markmiðum samstarfsins með fundum fagfólks og gagnkvæmum heimsóknum. Í Fífuborg fá elstu börnin fjölbreytt tækifæri til að heimsækja Rimaskóla og frístundaheimilið Tígrisbæ til þess að kynnst starfinu og umhverfinu þar. Einnig hafa nemendur í Rimaskóla, bæði í 1. og 4. bekk, heimsótt leikskólann. Þetta samstarf hefur gengið afar vel.

SAMSTARFSADILAR

Leikskólinn Fífuborg á í samstarfi við ýmsar stofnanir. Það getur verið tímabundið, t.d. í tengslum við ákveðin verkefni, s.s. Erasmus+. Annað samstarf er orðið að fastri dagskrá í leikskólastarfinu. Þar að nefna helst:

- Samstarf er við grunnskólann í hverfinu, **Rimaskóla og frístundaheimilið Tígrisbæ.**
- Samstarf er við hina leikskólana í hverfinu, **Laufskála og Lyngheima.**
- Á hverju ári koma nemar frá Rimaskóla í námstengt starfsnám.



- Farið er með elstu og næst elstu börnin á **Borgarbókasafnið** í Spönginni nokkrum sinnum yfir árið.

MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang, að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið skiptist í tvennt: Innra mat sem er unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans. Ytra mat sem unnið er af utanaðkomandi aðila á vegum sveitarfélags og/eða Menntamálaráðuneytis.

Innra mat


Innra mat leikskólans er unnið ár hvert eftir endurmatsáætlun sem finna má í starfsáætlun Fífuborgar á [heimasvæði leikskólans](#). Þar er gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Innra matið hefur þann tilgang að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum leikskólans hefur verið náð. Jafnframt eru metnar þær leiðir sem farnar eru í starfinu. Innra matinu er stjórnað af matsteymi leikskólans en í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og allir deildarstjórar. Ásamt því að stjórna matinu gerir teymið matsáætlanir, greinargerðir og umbótaáætlanir. Metið er út frá því hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans. Í þeirri vinnu er stuðst við *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* ásamt því að gera samanburð á milli ára. Matsteymi Fífuborgar ber einnig ábyrgð á framkvæmd stærri kannana.



Endurmat starfsfólks

Endurmat starfsfólks fer fram á deildarfundum og á skipulagsdögum. Þá er stuðst við endurmatshring Fífuborgar (sjá mynd hér að neðan) og endurmatsáætlun Fífuborgar (sem finna má í starfsáætlun ár hvert). Eftir að mat hefur farið fram eru niðurstöður skráðar og skilgreint hvað þarfnast úrbóta (sjá starfsáætlun ár hvert á heimasvæði leikskólans).

Endurmatshringur Fífuborgar



Langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2025 - 2028

Hér fyrir neðan eru þeir umbótaþættir sem farið verður í á næstu árum:

	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun og rekstur			
Útivera/útivistardagar	x		
Hallsholt/útikennsla		x	
Haustþema/Vorþema			
Foreldrafundir			
Valsvæði og móttaka			
Læsi og samskipti			x
Málörvun í leik			x
Grænfáninn – lýðheilsa			
Sjálfbærni og vísindi		x	
Ella umhverfisdúkka		x	
Fjölmennning	x		
Skráningar	x		
Desember og þrettándinn			
Bóndadagur			
Námskrá, deildarnámskrá			
Ösku-, bolli-, sprengidag.			
Sköpun og menn.(litavíkur)			
Samstarf Rimaskóli/Lyngheimar/ Laufskálar			
Vínátta			
Opið hús			
Barn vikunnar			
Heilbrigði og vellíðan			
Hlutverk starfsm. í leik			
Ömmu og afa kaffi			
Barnasáttmálinn			x
Einingakubbar			
Könnunarleikur			
Þjóðhátíð			
Framkvæmd innra mats			

Endurmat barna

Börnin endurmeta marga þætti starfsins. Rætt er við þau í smáum hópum þar sem þau eru spurð um hvað þeim finnst um liðinn atburð. Börnin eru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna. Eins eru þau spurð hvort þau myndu vilja gera eitthvað á annan hátt.

Endurmat foreldra

Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlstrar og endurmetur starf vetrarins að vori. Einnig höfum við haft stuttar kannanir varðandi ýmislegt í tengslum við starfið.

Endurmat allra aðila leggur grunn að endurbótum í skólastarfinu. Það er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði starfsins og gera það skilvirkara. Fjölbreytt innra mat leiðir í ljós hvort markmiðum hefur verið náð og hvort breytinga sé þörf. Matið auðveldar starfsfólki jafnframt að vinna að markmiðum leikskólans. Endurmat og umbótaáætlun eru aðgengileg á heimasvæði leikskólans og árlega sett fram í starfsáætlun Fífuborgar á [heimsvæði leikskólans](#).

Ytra mat

Reykjavíkurborg gerir rafræna könnun annað hvert ár á meðal foreldra til að kanna viðhorf þeirra til leikskólastarfsins. Á hverju ári er gerð könnun á meðal starfsmanna til að athuga starfsánægju og starfsumhverfi. Niðurstöður þessara kannana eru nýttar til umbóta, þróunar og grein gerð fyrir helstu niðurstöðum ár hvert í starfsáætlun leikskólans.